

Nd.

852. Frumvarp

til laga um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Húsmæðraskóla skal stofna í grend við Akureyri. Skal hann veita konum þá kunnáttu, sem nauðsynleg er hverri húsmóður og gerir hana færa um að gegna vel stöðu sinni. Skal búskapur rekinn í sambandi við skólann.

2. gr.

Skólinn skal rúma 40 heimavistir og kenslustofur fyrir alt að 50 nemendum, auk íbúðar forstöðukonu og þjónustufólks, svo og geymslu fyrir matvæli, eldsneyti o. fl. Hann skal bygður úr steinsteypu eftir uppdrætti, er stjórnarráðið samþykkir, og útbúinn með nýttiskú tækjum til matreiðslu, hitunar, lýsingar og ræstunar.

3. gr.

Skólanum stýrir forstöðukona, er tekið hefir próf í þeim kenslugreinum, er 4. gr. ákveður. Hún ræður kennara með samþykki skólanefndar, er stjórnarráðið skipar.

4. gr.

Námsgreinar eru:

A. Verklegar:

Matreiðsla allskonar, og sje sjerstök áhersla lögð á matreiðslu úr innlendum efnum og að hagsýni og nýtni sje ávalt gætt.

Framreiðsla matar og drykkjar.

Ræstun og þvottur.

Saumar og hirðing fatnaðar.

B. Bóklegar:

Efnafræði, sjerstaklega efnasambönd fæðunnar.

Heilsufræði, einkum hjúkrunarfræði.

Meginatriði uppeldisfræðinnar.

Búreikningar.

Nánari ákvæði um námsgreinar skulu sett með reglugerð.

5. gr.

Landssjóður leggur fram $\frac{2}{3}$ af stofnkostnaði, gegn $\frac{1}{3}$ annarstaðar að. Hann skal rekinn fyrir landsfje og stendur undir umsjón stjórnarráðsins, er setur reglugerð um nánari tilhögun hans.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar efni og annað, sem með þarf til skólans, verður fáanlegt með viðunanlegum kjörum.